

ÍSLAND

Ísland er með lágsta hlutfall sýklalyfjaónæmis í heiminum

Hvers vegna?

SÝKLALYFJA-ÓNÆMI


Á hverju ári ógna sýkingar af völdum sýklalyfjaónæmra baktería lífi milljóna einstaklinga um víða veröld. Til að vinna gegn þessari hratt vaxandi alheimsógn verðum við að vita meira um þátt umhverfisins, verslunar, ferðalaga, heilbrigðisþjónustu og matvælaframleiðslu í dreifingu sýklalyfjaónæmra baktería í þjóðfélaginu og á heilbrigðisstofnunum. Til að rannsaka hina flóknu vistfræði sýklalyfjaónæmis hafa sérfræðingar á sviði lýðheilsu, manna- og dýraheilsu, umhverfis og matvæla komið saman frá eftirtöldum stofnunum: Sýkla- og veirufræðideild Landspítalans, Tilraunastöð H.Í. að Keldum, Matvælarannsóknir Íslands (MATÍS) og Matvælastofnun Aðgerðarstofnun gegn sýklalyfjaónæmi, George Washington University, Washington DC.

HVERS VEGNA ÍSLAND?

Skilningur á því hvers vegna lágsta hlutfall sýklalyfjaónæmis í heiminum er á Íslandi getur gefið gagnlegar upplýsingar um það hvernig hægt sé að viðhalda þeirri öfundsverðu stöðu og hjálplegar vísbendingar til að draga úr sýklalyfjaónæmi í öðrum löndum. Landfræðileg einangrun landsins, íbúafjöldinn og sterkir innviðir heilbrigðiskerfisins gera Ísland að ákjósanlegum stað fyrir rannsókn sem nær til allra íbúa landsins.

ÓGNANIR VIÐ LÁGT ÓNÆMISHLUTFALL Á ÍSLANDI

1 Aukinn innflutningur á landbúnaðarafurðum og breytingar á lögum sem heimila innfluting á fersku kjöti



2 Vaxandi fjöldi ferðamanna á Íslandi (364.000 íbúar/meira en 2 milljón ferðamanna)

3 Alþjóðavæðing kallar á nýja skilgreiningu á landfræðilegri einangrun



FJÖLDI FERÐAMANNA TIL LANDSINS

2,1 milljónir



VS

NÚVERANDI ÍBÚAFJÖLDI



432.000 kindur



364.000 menn



254.000 varphænsni



81.385 nautgripir



77.000 hestar

ÍSLAND

Ísland er með lægsta hlutfall sýklalyfjaónæmis í heiminum

Hvers vegna?

OKKAR RANNSÓKN

Markmið þessarar einnar-heilsu rannsóknar er að öðlast skilning á því hvernig sýklalyfjaónæmar bakteríur berast á milli manna, dýra og umhverfis; hvernig sýklalyfjanotkun manna og dýra hefur áhrif á algengi þessara baktería; og hvernig ferðalög og verslun hafa áhrif á sýklalyfjaónæmar bakteríur sem berast á milli Íslendinga. Við vonumst til að geta notað þá þekkingu sem skapast til að þróa gagnreyndar reglur til að draga úr dreifingu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi og um heiminn allan.

EIN-HEILSA

Ein-heilsa er ákveðin rannsóknar-nálgun með þá heimssýn að heilsa manna, dýra, jurta og umhverfis séu órjúfanlega samofin.



RANNSÓKNA-HÓPURINN

Rannsóknin er skipulögð og framkvæmd af Sýkla- og veirufræðideild Landspítalans, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Matvælarannsóknnum Íslands (MATÍS), Matvælastofnun (MAST) og Sýklalyfjaónæmisáðgerðarmiðstöðin í Washington.

Milken Institute School
of Public Health
THE GEORGE WASHINGTON UNIVERSITY

ANTIBIOTIC
RESISTANCE
ACTION CENTER


LANDSPÍTALI

